

MATARHLÉ

Helena Sigurðardóttir, grunnskólakennari í Brekkuskóla, var ekki í vandræðum með að finna girnilegar uppskriftir handa lesendum Innanbæjarkrónikunnar.

Kvenfólk hjá Akureyrarbæ heldur áfram að ráða ríkjum í matarhléinu og skorar Helena á Margréti Rún Karlsdóttur, grunnskólakennara í Lundarskóla, að koma með uppskrift í næsta blað.



LÚÐA OG KARTÖFLURÉTTUR

Hráefni: Aðferð:

Lúðubítar ½ lítri vatn blandað við 100 gr. salt.
100 gr. salt Lúðubítarnir látnir standa í leginum í 20 mínútur. Síðan er lúðan sett 10 mín. í ofninn við 200°C.
3 paprikur
200 gr. sveppir
Smjörklípa
Hafsalt og svartur pipar
Paprika og sveppir steikt upp úr smjöri á pönnu, kryddað vel með svörtum pipar og hafsalti. Grænmeti er svo skammtað á disk og lúðubíti látnum ofan á.

Kartöfluréttur Kartöfluréttur:
2 stórar sætar kartöflur Kartöflurnar og gulræturnar skornar í teninga, sett í eldfast mót. Hellið smá 4 venjulegar 2 gulrætur Ólífuolíu yfir, kryddið með salti og pipar.
2 gulrætur Ólífuolíu Bakað í ofni í u.þ.b. 40 mín við 200°C.
Ólífuolíu
Salt og pipar

Gott að hafa ferskt salat og ljósa sósu með þessu.

GARÐRÉTTUR

Hráefni: Aðferð:
15 rabarbarar Rabarbarinn skorinn í 1 sm bita skellt í pott með smá vatni og sykri, hitað í u.þ.b. 10 mín. Fint að láta þetta malla á meðan maður mylur saman smjörliki, hveiti og sykur. Rabarbarinn settur í eldfast mót og mulningnum stráð ofaná. Inn í ofni í 30 - 40 mín. við 200 °C. Best að borða með Brynjuús.

Verði ykkur að göðu!

GOTT AÐ VITA

Sumarstarfsfólk – skil á gögnum

Nú hefur sumarstarfsfólk hafið störf hjá Akureyrarbæ og þarf það í samráði við yfirmann sinn að skila ýmsum gögnum og upplýsingum til starfsmannaþjónustunnar.

Skila þarf skattkorti eigi síðar en 7 dögum fyrir útborgun.
Skila þarf prófskírteinum vegna fagnáms.
Skila þarf staðfestingum um viðbótarnám sem metið er skv. kjarasamningi starfsmanns, þ.m.t. skírteini vegna stúdentsprófs.
Skila þarf starfsvottorðum vegna símenntunarálags, staðfestingu fyrri vinnuveitanda á starfstíma í fagi eða staðfestingu á starfstíma hjá öðrum sveitarfélögum, ríki og á almennum markaði eftir því sem við á.
Ef starfsmenn hyggjast greiða í séreignarsjóð þarf að skila samningi um það hvort sem viðkomandi hefur verið í starfi hjá Akureyrarbæ áður eða ekki.

Nánari upplýsingar er að finna í starfsmannahandbókinni: www.akureyri.is/starfsmannahandbok undir liðnum: „Í nýju starfi og skil á gögnum.“



Við bjóðum sumarstarfsfólk velkomið til starfa!

Mannauðsstefna Akureyrarbæjar

Í febrúar 2009 voru drög að nýrri mannaúðsstefnu hjá Akureyrarbæ kynnt og óskað eftir athugasemdum frá starfsfólki. Margar góðar ábendingar bárust og nýttust þær vel við lokafrágang stefnunnar. Þann 17. mars sl. var stefnan samþykkt í bæjarstjórn.

Meginmarkmið mannaúðsstefnunnar er að tryggja hæfni og starfsánægju starfsfólks Akureyrarbæjar. Stefnan er uppsett á þann veg að markmið og aðgerðir til að ná markmiðum eru sett fram með skýrum hætti auk þess sem ábyrgðaraðilar á framkvæmd eru tilgreindir.

Almenn réttindi starfsmanna eru tilgreind í sérstökum kafla ásamt þeim skyldum sem starfsfólk hefur gagnvart Akureyrarbæ. Að lokum eru settar fram aðgerðir til þess að tryggja eftirfylgni með stefnunni.

Mannauðsstefnuna má nálgast á starfsmannahandbók á heimasíðu Akureyrarbæjar auk þess sem henni hefur verið dreift á alla vinnustaði bæjarins.



www.akureyri.is
Akureyri
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjórn: Hrafnhildur Reykjalin Vigfúsdóttir og Ragnar Hólm Ragnarsson

Ritnefnd: Friðný Sigurðardóttir, Ingunn Helga Bjarnadóttir,

Ragnar Hólm Ragnarsson og Samúel Jóhannsson.

Netfang: akureyri@akureyri.is

Hönnun og umbrot: Still - Prentun: Ásprent

Innanbæjar KRÓNKA

4. töl. 4. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR Júní 2009



GAMLA MYNDIN



Spurningin í þetta skipti er einföld: Hver er þessi glæsilegi bílstjóri?

Sendið svör við myndagetrauninni sem fyrst á netfangið akureyri@akureyri.is, merkt Myndagetraun Innanbæjarkrónikunnar. Dregið verður úr réttum svörum og einn heppinn lesandi fær geisladiskinn Gullperlu með Björgu Þórhallsdóttur í verðlaun.

Í síðasta tölublaði birtum við sumarlega mynd af ungum herraþingi sem var að gefa ánum sínum brauð. Spurt var um nafn mannsins og hvar myndin væri tekin. Rétt svar er að myndin er af Gunnari Lórenzsyni og tekin á túninu sunnar við Spennistöðina við Þingvallarstræti, þar sem blokkir aldraðra við Viðilund standa nú.

Að þessu sinni var það nafn Guðrúnar H. Þorkelsdóttur, leikskólakennara á Pálmholti, sem var dregið út og hlýtur hún 10 miða kort í Sundlaug Akureyrar í verðlaun.

Þessi skemmtilega vísa barst frá Hallfríði Einarsdóttur, ritara í Lundaskóla:

Hver er að gefa ánum sínum?

*Giska að þar sé Gunnar Lór
að gá að sauðfé vænu
heldri manna húsin stór
nú hylja túnin grænu.*

Myndagetraun Innanbæjarkrónikunnar er unnin í góðu samstarfi við ljósmyndadeild Minjasafnsins á Akureyri.

MOLAR



Landsmót UMFÍ á Akureyri

Landsmót Ungmennafélags Íslands verður haldið á Akureyri dagana 9.-12. júlí. Þetta er 26. landsmót UMFÍ og það fjórða sem haldið er hér í bæ. Fyrsta mótið var haldið á Akureyri 17. júní 1909 og því er þess nú minnst að hundrað ár eru liðin frá fyrsta mótinu.

Landsmót UMFÍ er gríðarlega umfangsmikið. Gert er ráð fyrir á annað þúsund keppendum af öllu landinu og þúsundir gesta munu leggja leið sína til Akureyrar til að fylgjast með og taka þátt í mótshaldinu. Starfsmenn Akureyrarbæjar leggja gjörva hönd á plóg við undirbúning og framkvæmd mótsins.

Allar upplýsingar um Landsmót UMFÍ á Akureyri er að finna á heimasíðu mótsins á slóðinni www.landsmotumfi.is

Sparnaðartillögur

Í síðasta blaði Innanbæjarkrónikunnar var kallað eftir álitum lesenda og þeir beðnir um að senda inn tillögur um það hvernig mætti lækka kostnað í rekstri Akureyrarbæjar. Létu þeir ekki sitt eftir liggja og bárust fjölmargar tillögur.

Framkvæmdastjórn valdi tillögur frá eftirtöldum starfsmönnum:

Hugrún Sigmundsdóttir, leikskólastjóri á Pálmholti fyrir hugmynd sína um matjurtagarða og vöruskipti.

Davíð Hjálmar Haraldsson, starfsmaður á launadeild og **Trausti Tryggvason** starfsmaður á Fasteignum sendu báðir inn tillögur um sparnað í götulyngu.

Bergur Þorri Benjamínsson á framkvæmdadeild og **Jón Aðalsteinn Brynjólfsson** í Lundarskóla fengu svipaða hugmynd um hvernig spara mætti með því að nota ókeypis hugbúnað í tölvur starfsmanna.

HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Við hittum á Hrefnu Hjálmarsdóttur, leikskólakennara á Flúðum, í hjartsýnskasti nú á Jónsmessu en hún vinnur við að ala upp annarra manna börn og gefa þeim gott veganesti út í lífið. Hrefna segir vinnuna aldrei vera leiðinlega enda sé hún með bestu börnin í bænum!

Hvaðan ertu? Pabbi minn var ættaður úr Arnarfirði en mamma mín frá Blönduósi. Þau kynntust á Ísafirði og þar sleit ég barnsskónum. Mér finnst alltaf gaman að koma á þessar slóðir.

Fjölskylduhagir? Ég er búin að vera gift sama manningum í 46 ár. Við eigum 3 börn og tvö barnabörn sem eru því miður alltof langt í burtu frá mér.

Helstu áhugamál? Ég er búin að vera í gönguhóp með gömlum félögum í 15 ár og hlakka allt árið til að fara í sumarferðina með þeim. Svo er ég í bókaklúbb og félagsskap skáta. Mér finnst gaman að skreppa á tónleika og svo eru þrjónarnir mínir aldrei langt undan. Ég er mikill grúskari og svo á ég oft góðar stundir í garðinum mínum.

Hvað finnst þér best við að búa á Akureyri? Hvað það er stutt að fara út í náttúruna. Kjarnaskógur og Hamrasvæðið eru algjörar perlu. Margt í boði t.d. leikhús, tónleikar og sýningar. Hér er oft mikið um að vera og maður tímir varla að fara úr bænum á sumrin. Tengsl á milli fólks oft nán. Stuttar vegalengdir. Akureyri er lifandi bæ.

Hvernig væri hægt að gera góðan bæ betri? Umhverfisvitund þyrfti að aukast og fólk þarf að hugsa á heimsvísu, ekki bara um eigin bakgarð. Það geta allir gert, hver á sinn hátt. Umferðarmenning mætti batna, bílar í lausagangi - lagt upp á gangstétt, uss, uss, uss.

Framtíðaráform? Ég stefni að því að vinna í eitt ár enn og ætla mér að njóta þess vel. Alltaf þótt gaman í vinnunni. Síðan ætla ég að ferðast meira. Ég á nána ættingja og vini út um allan heim og þarf að fara að skreppa í heimsóknir. Svo verður gaman að geta verið heilu dagana á Amtsbókasafninu. Og auðvitað að huga að sínum nánustu.

Kreppuráð? Gömlu ráðin frá mömmu og ömmu standa fyrir sínu. Spá meira í matarinnkaup. Skiptast á hlutum. Það þurfa ekki allir að eiga allt. Slökva ljós þar sem enginn er, spara vatn, nýta hlutina betur t.d. mat, gera við föt og nytjahluti og gefa öðrum það sem ekki er lengur þörf fyrir.